



VORBÆKLINGUR LÍFLANDS 2025

SÁÐVARA
HEYVERKUN
ÁBURÐUR



SÁÐVARA LÍFLANDS 2025

***Landsins mesta
úrval af sáðvöru
fyrir búmanninn***



Í frjóa jörð ...

Lífland hefur um langt árabil verið í fararbroddi þegar kemur að úrvali sáðvöru sem gefið hefur góða raun við íslenskar aðstæður. Við bjóðum upp á gæðavöru, m.a. frá Lantmänninn í Svíþjóð og Boreal í Finnlandi en þessi fyrirtæki eru leiðandi á sínu sviði og hafa unnið að markvissum kynbótum á nytja-plöntum fyrir norðlægar aðstæður.

Lífland hefur notið góðs af samstarfi við sérfræðinga þessara fyrirtækja við þróun á vöruúrvalinu. Auk þess tekur sáðvöruúrval Líflands að stóru leyti mið af þeim yrkjum sem gefið hafa besta raun í yrkja-tilraunum Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur fyrirtækið átt gott samstarf við helstu fræðimenn landsins á sviði jarðræktartilrauna. Eins hefur verið leitast eftir því að eiga gott samstarf við bændur sem hafa hug á því að reyna ræktun nýrra tegunda og yrkja.

Gott yfirlit yfir vöruúrvalið

Líkt og mörg undangengin ár sendum við nú út yfirlit yfir vörulista yfir sáðvörur fyrir bændur. Nú hefur ítarlegri umfjöllun um lykilvöruflokkana og helstu eiginleika þeirra verið bætt við og ætti það að auðvelda valið.

Við hvetjum viðskiptavinum og aðra bændur til þess að kynna sér úrvalið hjá okkur sem stutt er með góðri ráðgjöf, hagstæðum kjörum og skilvirkri dreifingu. Eins býður Lífland **fría dreifingu hvert á land sem er sé pantað fyrir 15. apríl ef pöntuð eru 300 kg eða meira.**

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar

Kynntu þér landsins mesta úrval af sáðvöru í nýjum og veglegum sáðvörulista Líflands fyrir vorið 2025 og leitaðu ráða og tilboða hjá söluráðgjöfum okkar. Nánari upplýsingar er að finna á baksíðu vörulistans. Eins má finna ýmsar [gagnlegar upplýsingar um sáðvöruúrvalið í vefverslun Líflands með því að smella hér.](#)

Endursöluaðilar

Lífland er í góðu samstarfi við endursöluaðila á landsbyggðinni og hvetjum við viðskiptavinum á þessum svæðum til að hafa samband við þá:

 **Húnaþing vestra:** Kaupfélag V-Húnavetninga (KVH), Hvammstanga

 **Austurland:** Verkstæði Svans, Finnsstöðum

 **Vesturland:** Kaupfélag Borgfirðinga (KB), Borgarnesi

BYGG

Lífland býður í ár upp á 10 byggyrki, sex sexraða yrki og fjögur tvíraða. Í úrvalinu er að finna yrki sem henta á öllum kornræktarsvæðum landsins.

Sexraða eða tvíraðabygg?

Að jafnaði þroskast sexraðabygg fyrr en tvíraðabygg. Aftur á móti hafa sexraða yrki veikara strá sem hættara er við broti og legu. Breytileiki milli yrkja er þó mikill óháð raðafjölda. Almennt má segja að sexraðabygg sé notað norðanlands, austan, vestan og í uppsveitum sunnanlands en tvíraðabygg í lágsveitum sunnanlands. Sexraða bygg hefur sótt nokkuð í sig veðrið á kostnað þess tvíraða en á það er þó bent að snemmbroska tvíraða yrki eins og Kría reynast almennt einna best þegar tíðarfarar er ekki hagfelld.



Hafa má áhrif á uppskeruþætti með sáðmagni!

Æskilegt sáðmagn er háð yrkjum, þannig verður til dæmis að taka tillit til þess að tvíraða yrki geta af sér fleiri stöngla af hverju fræi. Þess vegna getur farið vel að nota ívið stærri sáðmagnsskammta fyrir sexraða yrki. Jafnframt er munur á milli yrkja í þúsundkornaþunga, auk þess sem tvíraða bygg er gjarnan með hærri þúsundkornaþunga. Einnig verður að taka tillit til umhverfisaðstæðna eins og frjósemi, veðurfars og raka. Stórir sáðmagnsskammtar eiga til dæmis illa við í þurrum og ófrjósum jarðvegi.

Hafa ber í huga að stærri sáðmagnsskammtar leiða þó yfirleitt til minni þúsundkornaþunga og rúmþyngdar, verri strástyrks (meiri lega) en líka fljótari þroska og meiri uppskeru. Hafi menn reynslu af því að mikið sé um seinsprottna sprota í akri sem valdi misþroska í kornum, er ráð að auka sáðmagn til að varna því að seinsprottnir sprotar myndi blöð og ax. Einnig er ráð að auka sáðmagn ef menn sá seint að vori. Mikið sáðmagn er mest virkjað í frjósamri jörð eða með ríkulegum skömmtum af köfnunarefnisáburði.

Stærð sáðmagns- og köfnunarefnisskammta eru aðaláhrifaþættir í uppskeru og uppskerutengdum þáttum. Má þar einkum nefna þroska, legu, strástyrk, fjölda sprota, korna og fleira.

Sexraðabygg

SMYRILL Íslenskt yrki (Lbhí)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90558 / 90559-600	190-215	25 / 600	154	3.850 / 92.400	✓

Íslenskt, fljótþroska yrki. Hefur staðið sig vel í hérlandum korntilraunum og skilað góðri uppskeru og háu þurrefnishlutfalli. Gefur meiri uppskeru í meðalárferði en miðlungs eða seinþroska yrki.

HERMANNI Finniskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90564-20 / 90564-500B 90564-500OB	190-215	20 / 500	155	3.100 / 77.500	✓

Finniskt yrki sem hefur komið vel út í innlendum tilraunum og prófunum meðal bænda. Er uppskerumikið og fljótþroska. Vindþol viðunandi enda er það strásterkt og miðlungi hátt. Gott þol gegn blaðsveppum. Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð. Þrífst ágætlega í súrum jarðvegi.

VERTTI Finniskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90586 / 90586 / 90586-700	190-215	40 / 600 / 700	154	6.160 / 92.400 / 107.800	✓

Finniskt yrki með gott sjúkdómaþol. Fyrr til þroska en Hermanni og þarf lægri hitasummu. Hár þúsundkornaþungi og rúmþyngd. Örlítið lægra undir axið en á Wolmari en ívið sterkara strá.

ONERVA Finniskt yrki (Bor.) **TAKMARKAÐ MAGN**

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90563-40	190-215	40	152	6.080	✓

Finniskt yrki sem hefur verið í prófunum hér á landi og gefið áhugaverðar niðurstöður. Með háan þúsundkornaþunga m.v. sexraða bygg. Í Finnlandi þarf Onerva svipaða hitasummu og Aukusti. Með góðan strástyrk og gott viðnám fyrir blaðsjúkdómum og tekur Aukusti fram á því sviði.

Öll verð eru **án vsk** nema annað sé tekið fram. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga.

Sexraðabygg

BRAGE  Norskt yrki (Gram) **TAKMARKAÐ MAGN**

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90548 / 90549	190-215	600	160	4.000 / 96.000	✓

Fljótþroska, uppskerumikið norskt yrki. Nokkuð hátt undir axið en strásterkt. Hefur reynst vel sunnanlands í samanburði við mörg sex raða yrki. Hefur ágætt þol fyrir sveppasjúkdómum.

JUDIT  Sænskt yrki (SW) **TAKMARKAÐ MAGN**

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90502 / 90503	190-215	25 / 700	152	3.800 / 106.400	✓

Gamaleynt yrki sem er nú í boði í síðasta sinn. Eftirbátur margra yngri í uppskerumagni. Heldur tífunni lengi og heldur kornum vel í axi (vin-
dþolið). Eftir að þroska er náð ber á að stöngull verði brothættur um hné. Skilar ágætri korn- og hálmuppskeru. Kornþungi og rúmþyngd í meðal-
lagi. Stendur sig betur í moldarjörð.

Bygg og sýrustig jarðvegs

Bygg þrífst best í jarðvegi með sýrustig í kringum 6,0-7,5 pH, þ.e. í fremur basískri jörð. Bygg getur vaxið í jarðvegi niður að pH 5,5 en svo lágt sýrustig er almennt ekki ákjósanlegt. Við lágt sýrustig skerðist upptaka næringarefna, einkum fosfórs, kalsíums og magnesíums. Við sýrustig undir pH 5,5 geta t.d. ál og mangan í jarðvegi valdið eitrunar-
áhrifum sem leiða til rótarskaða. Æskilegt er að fylgjast með sýrustigi ræktarlands og kalka eftir þörfum.

Hvernig jarðvegur hentar best?

Almennt má segja að byggræktun gangi betur á jarðvegi þar sem hlutfall lífrænna efna er ekki hátt, þ.e. sendnu eða malarkenndu landi. Ástæða þessa er einkum framboð næringarefna, þar sem niðurbrot á lífrænum hluta jarðvegsins losar næringarefni á borð við nitur þegar líður á ræktunartímabilið. Þetta getur valdið myndun hliðarsprotu og haldið plöntum í grænvexti lengur fram á haust en góðu hófi gegnir. Af þessum sökum geta framræstar mýrar verið vanda-
samari ræktunarstaður en t.d. gróinn áraur, einkum þegar tíðarfar og tíðarfarstengd ræktunarskilyrði eru undir meðallagi. Í þurrkasumri getur þetta vitaskuld snúist við og því getur mólendisjarðvegur verið öruggari ef landi er mjög þurrkhætt.

Tvíraðabygg

KRÍA  Íslenskt yrki (Lbhí)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90500 / 90501-600 / 90501	180-200	25 / 600	155	3.875 / 93.000	✓

Stöðugt yrki, gefur örugga uppskeru og góðan þroska hvort sem árar betur eða verr. Fljótþroska af tvíraðayrki að vera. Skurðarhæf í lok ágúst í meðalári ef tímanlega er sáð. Vindþolið og hættir lítið við legu. Ber þó á brothættum stönglum eftir að fullum þroska er náð. Smá korn en rúmþyngd er góð. Ef menn vilja koma í veg fyrir haustáföll þá er gott að nota Kríu og hefja skurð í lok ágúst. Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð.

ANNELI  Sænskt yrki (SW)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90527 / 90528	180-200	25 / 700	154	3.850 / 107.800	✓

Síðþroska yrki frá Norður-Svíþjóð sem hefur gefið ágæta raun og skilað meiri uppskeru en Kría, Filippa og Kannas. Valkostur í stað Filippu sem er að mestu leyti dottin út af markaði.

ARILD  Sænskt yrki (SW)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90538-25 / 90538	180-200	25 / 600	161	4.025 / 96.600	✓

Nýlegt sænskt yrki sem hefur staðið sig vel í innlendum tilraunum og verið fyrst til þroska af erlendum tvíraða yrkjum en seinna en Kría. Með háan þúsundkornþunga, hávaxið og uppskerumikið. Erlendis er þolið gott fyrir helstu sveppasjúkdómum.

MAIRE  Finnskt yrki (Bor.) **NÝTT TAKMARKAÐ MAGN**

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90539	180-200	20	157	3.140	

Nýtt finnskt yrki óreynt hérlendis. Þarf svipaða hitasummu og Arild. Uppskerumikið m.v. tvíraða bygg í finnskum tilraunum og gefur stórt korn sem getur hentað til möltunar. Nokkuð lágt undir axið en stendur vel af sér veður. Þykir hafa gott þol fyrir þurrki. Hentar betur á sendið land eða aura heldur en framræst mýrlendi. Stendur sig ekki vel í súrum jarðvegi.

Hafrar til þroska, hveiti og rúgur

HAFRAR PERTTU Finnskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90168-20 / 90167	180-200	20 / 600	168	3.360 / 100.800	✓

Fljótþroska finnskt yrki með hátt þurrefnishlutfall. Hátt hlutfall betaglúkana og hvít sterkja. Hentar því vel til manneldis. Hefur staðið sig vel í innlendum tilraunum með tilliti til kornþroska og uppskerumagns.

HAFRAR CILLA Sænskt yrki (SW) TAKMARKAÐ MAGN

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90161	180-200	25	162	4.050	✓

Cilla er fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki, vinsælasta yrkið til þroska síðustu ár. Stendur vel af sér haustveður. Hentar vel til völsunar og vinnslu á haframjöli.

VORHVEITI HELMI Finnskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90720-20	180-200	20	165	3.300	

Mjög snemmproska vorhveiti í Finnlandi. Afbragðs gæði til manneldis. Vorhveiti er hægt að rækta í hlýrri sveitum inn til landsins með þokka-legum árangri.

VETRARHVEITI BOTNICA Finnskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90712-2 / 90713	180-200	20 / 600	173	3.460 / 103.800	✓

Mjög vetrarpolið og snemmproska við finnskar aðstæður og hefur gefið góða uppskeru hérlandis. Gefur meðalstórt korn og er ræktað til manneldis í Finnlandi. Þykir strásterkt og hættir lítið við legu.

VETRARRÚGUR REETTA Finnskt yrki (Bor.)

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90620 / 90623	180-200	20 / 600	157	3.140 / 94.200	✓

Vetrarpolið, uppskerumikið, en seint til þroska síðara sumarið. Afar hálmnikið. Snemmsprottin vorbeit seinna árið og hægt að þreskja til rúgkorns árið eftir sáningu. Rúgur þolir súrari jörð en t.d. byggu.

VETRARRÚGUR GRANAT Pólskt yrki (Danko) NÝTT

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	LBHÍ prófað
90627	180-200	700	155	108.500	

Yrkið heitir fullu nafni Dankowskie Granat. Hefur gefið afar góða raun við finnskar aðstæður og reynist þar bæði sjúkdómapolið og stendur vel af sér vetur. Uppskerumikið í Finnlandi og hættir minna til legu en mörg önnur yrki. Hægt að nýta í snemmsprottna vorbeit vori eftir sáningu og svo til kornþroska að hausti. Rúgur þolir súrari jörð en t.d. byggu.



Svo uppsker sem sáir

Grasfræblöndur Líflands eru samsettar með fjölbreyttar þarfir í huga. Hjá Líflandi hefur þetta verið haft að leiðarljósi samhliða því að bjóða upp á kosti sem auka sjálfbærni og minnka t.d. þörf á aðkeyptum nituráburði.

Vallarfoxblanda LÍF

Margir bændur kjósa að rækta vallarfoxgras í hreinrækt í spildum. Rannsóknir benda til þess að með því að fjölga stofnum aukist uppskerumagn, viðnámsþróttur og þol umfram það að rækta aðeins einn stofn í túnum. Vallarfoxblanda LÍF inniheldur fjóra stofna sem allir hafa gefið góða raun við íslenskar aðstæður.

Ísáningarblanda LÍF

Með Ísáningu í tún má bæta endingu þeirra og viðhalda hlutdeild uppskerumikilla grasa með hátt fóðrunarvirði. Ísáningarblanda Líflands er sérstaklega samsett með þetta í huga og hefur þessi aðferðafræði færst í vöxt hérlandis á liðnum árum.

Smári eða ekki smári?

Smáratúnsblöndur Líflands innihalda allar forsmiðað smárafræ. Fræið þarfnast smitunar með *Rhizobium* gerlum til að tryggja nitubindingarhæfni smárans. Með ræktun smára í túnum má minnka þörf á nituráburði, auka prótein og hækka meltanleika fódurs. Huga þarf vel að sýrustigi jarðvegs þar sem smári er ræktaður, en of súr jarðvegur dregur úr endingu hans og almennt þrífst hann best í vel framræstum, bergefnaríkum jarðvegi. Draga þarf úr nituráburðargjöf til að auka endingu smárans en um leið þarf að auka fosfór- og kálgjöf.



Grasfræblöndur til túnræktar

FINNLANDSBLANDA

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90018	25-30	20	790	15.800

Blanda samsett úr finnskum stofnum sem hentar vel til beitar og sláttar. Samanstendur af stofnum sem hafa gefið góða raun hérlandis og samþætta gott vetrarþol og ágætan endurvöxt. Vallarrýgresið gefur meiri endurvöxt og eykur svarðarmyndun.

Vallarfoxgras UULA 31,5%, RUBINIA 31,5%, HERTTA 27%; vallarrýgresi RIIKKA 10%

RÝGRESISBLANDA LÍF

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90006	25-30	15	750	11.250

Blanda sem samanstendur af harðgerðum og uppskerumiklum vallarfoxgrasyrkjum með gott vetrarþol. Fjölæra rýgresið eykur uppskeru sáðárið, gefur kjarngott fóður og skýlir vallarfoxgrasinu í uppvexti.

Vallarfoxgras SNORRI 45%, RAKEL 40%; vallarrýgresi BIRGER 15%.

VALLARFOXBLANDA LÍF

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90004	25-30	15	780	11.700

Fjölstofna vallarfoxgrasblanda fyrir þá sem kjósa vallarfoxgras í hreinrækt. Samanstendur bæði af vetrarþolnari yrkjum sem skila minni endurvexti og öðrum sem skila meiri uppskeru í seinni slætti en geta enst skemur. Allir stofnar í blöndunni eru þrautreyndir og vel þekktir við íslenskar aðstæður.

Vallarfoxgras RAKEL 30%, SNORRI 25%, TRYGGVE 25%, SWITCH 20%.

ÍSÁNINGARBLANDA LÍF

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90017	25-30	15	760	11.400

Blanda með uppskerumiklum stofnum vallarfoxgrass í blöndu við vallarrýgresi ætluð til Ísáningar í tún. Byggir á hugmyndafræði um að auka hlutdeild hagstæðra fódurgrasa með reglubundinni Ísáningu í túnsvörðinn.

Vallarfoxgras SWITCH 30%, RAKEL 25%, GRINDSTAD 25%; vallarrýgresi BIRGER 20%.

GRASFRÆBLANDA K

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90000	25-30	15	860	12.900

Hefðbundin vallarfoxblanda sem hentar vel til beitar og sláttar. Samanstendur af harðgerðum og uppskerumiklum yrkjum vallarfoxgrass með gott vetrarþol auk vallarsveifgrass sem flýtir lokun og svarðarmyndun.

Vallarfoxgras SNORRI 45%, RAKEL 40%; vallarsveifgrass KUPOL 15%.

FJÖLGRASABLANDA LÍF

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90010	25-30	15	840	12.600

Vallarfoxblanda með hávingli og vallarsveifgrasi sem eykur, þurrkþol, endurvaxtarhlutfall og beitarþol.

Vallarfoxgras SNORRI 30%, RAKEL 30%; hávingull REVANSCH 30%; vallarsveifgrass KUPOL 10%

SMÁRATÚN SPRETTA Niturbindandi

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90012	25-30	15	1.120	16.800

Blanda þar sem áhersla er lögð á hámarks uppskeru og endurvöxt en án hávinguls. Hentar best þar sem minna reynir á vetrarþol. Hvítmári og tveir rauðsmárastofnar í auknu hlutfalli.

Vallarfoxgras SWITCH 20%, RAKEL 15%, TRYGGVE 15%; vallarrýgresi BIRGER 20%; forsmítaður rauðsmári PEGGY (4n) 13%, YNGVE (2n) 11%; forsmítaður hvítmári HEBE 6%.

SMÁRATÚN SLÆGJA Niturbindandi

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90013	25-30	15	1.020	15.300

Blanda þar sem áhersla er lögð á góða uppskeru og gott vetrarþol. Rauðsmárayrkin Peggy (ferlitna) og Yngve (tvílitna) bæta uppskeru og auka lystugleika.

Vallarfoxgras SNORRI 25%, RAKEL 30%; hávingull REVANSCH 10%; vallarrýgresi BIRGER 10%; forsmítaður rauðsmári YNGVE (2n) 18%, forsm. rauðsm. PEGGY (4n) 7%.

SMÁRATÚN BEIT Niturbindandi

Vörunúmer	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk.	Verð kr./sekk án vsk
90015	25-30	15	940	14.100

Blanda þar sem áhersla er lögð á gott þol fyrir beit og traðki. Gefur góða uppskeru og hentar bæði vel til beitar og sláttar. Hvítmárin bætir uppskeru og eykur lystugleika.

Vallarfoxgras SNORRI 20%, RAKEL 23%; hávingull REVANSCH 15%; vallarrýgresi BIRGER 15%; vallarsveifgrass KUPOL 10%; forsmítaður hvítmári HEBE 17%.

Grös um grös frá grösum til grasa

Vallarfoxgras er sú grastegund sem mest er notuð til túntækar hér á landi. Ástæður þess eru bæði ending en ekki síður góðir fódureiginleikar þess hvort sem það er nýtt til beitar eða sláttar. Fóðrunarvirði vallarfoxgrass er hátt fram að skriði en eftir skriði fellur það hratt. Uppskeran getur verið um 6-9 tonn þE/ha. Endurvöxtur getur verið slakur en nokkur munur er á þessu milli yrkja og hægt er að auka hann með enduráburðargjöf eftir fyrri slátt.

Hávingull er gott fódurgras og getur gefið meiri endurvöxt en vallarfoxgras. Hann er þó ekki sveillþolinn og getur hörfað hraðar úr ræktarlandi. Hann getur hentað vel í blöndu með vallarfoxgrasi.

Vallarrýgresi er mjög góð fódurjurt og hentar það bæði vel til beitar og sláttar. Vaxtargeta er mikil, endurvaxtarhlutfallið hátt og uppskeran lystug og orkumikil. Helsti ókosturinn er vetrarþolið sem er af skornum skammti og sú staðreynd að það fer seint í vöxt á vorin. Af þessu sökum er almennt ekki mælt með notkun vallarrýgresis í hreinrækt en það hentar vel á 10-15% hlutfalli með vallarfoxgrasi og öðrum tegundum.



Grastegundir til túnræktar

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verðkr./sekk án vsk	Helstu kostir	LBHÍ prófað
90054	Vallarfoxgras RUBINIA	20-25	20	690	13.800	Finnskt yrki. Í hópi uppskerumestu vallarfoxgrasyrkja og með gott vetrarþol.	✓
90056	Vallarfoxgras HERTTA	20-25	20	690	13.800	Finnskt yrki. Uppskerumikið og vetrarþolið og svipar til Tuukka.	✓
90058	Vallarfoxgras NUUTTI	20-25	20	690	13.800	Finnskt yrki og vetrarþolnast finnsku vallarfoxyrkjanna. Álíka uppskerumikið og Grindstad í íslenskum tilraunum en vetrarþolnara.	✓
90059	Vallarfoxgras UULA	20-25	20	690	13.800	Finnskt yrki. Hefur reynst mjög vetrarþolið í íslenskum tilraunum, með gott fódurgildi og gefur ágæta uppskeru.	✓
90022	Vallarfoxgras SNORRI	20-25	10	750	7.500	Mjög vetrarþolið yrki sem var framræktað með sam-norrænu úrvali. Nokkuð uppskerumikið en gefur minni endurvöxt en ýmis önnur yrki.	✓
90030 90031	Vallarfoxgras RAKEL Lífrænt vottað fræ	20-25	10	750 1.090	7.500 10.900	Miðlungs vetrarþolið. Uppskerumikið. Gefur meiri endurvöxt en mörg norðlæg yrki.	✓
90037	Vallarfoxgras GRINDSTAD	20-25	10	720	7.200	Uppskerumikið og gefur góðan endurvöxt. Hentar síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.	✓
90050	Vallarfoxgras SWITCH	20-25	10	750	7.500	Uppskerumikið og gefur góðan endurvöxt. Hentar síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.	✓
90067	Vallarsveifgras KUPOL	20-25	10	1.170	11.700	Þaulreynt yrki sem hefur mikið verið ræktað hérlandis. Þolið og svarðarmyndandi. Fremur fingert.	✓
90072	Vallarsveifgras BALIN	20-25	10	890	8.900	Talsvert ræktað hérlandis. Þolið og svarðarmyndandi. Hentar í stykki þar sem beitarálag er.	
90074	Vallarsveifgras OPAL	20-25	10	990	9.900	Talsvert ræktað hérlandis. Þolið og svarðarmyndandi. Hentar í stykki þar sem beitarálag er.	✓
90223 90228	Vallarrýgresi BIRGER (4n) Lífrænt vottað fræ	25-35	20 10	490 820	9.800 8.200	Með vetrarþolnari rýgresisyrkjum. Gott í hreinrækt. Uppskerumikið ferlitna yrki. Ekki eins vetrarþolið og vallarfoxgras.	✓
90234	Vallarrýgresi RIIKKA (2n)	25-35	15	870	13.050	Vetrarþolið finnskt yrki. Tvílitna, gefur minni uppskeru en Birger en hugsanlega endingarbetra. Ekki eins vetrarþolið og vallarfoxgras.	
98143	Hávingull KLAARA	25-30	10	850	8.500	Vetrarþolið og uppskerumikið yrki. Gefur almennt orkuríka uppskeru með hátt fódunarvirði.	✓
98002	Túnvingull RUBIN	25-30	10	680	6.800	Nægjusamur, þurrkþolinn og harðger. Getur hentað í þurr-lend beitarhólf en er almennt ekki notaður til túnræktar.	✓
98005	Túnvingull GONDOLIN	25-30	15	490	7.350	Nægjusamur, þurrkþolinn og harðger. Gefur góða uppskeru. Getur hentað í þurr-lend beitarhólf en er almennt ekki notaður til túnræktar.	
98165	Strandreyr BAMSE F	15-20	10	1.520	15.200	Strandreyr getur gefið mikla uppskeru við íslenskar aðstæður. Einkum ræktaður vegna hálmsins sem hægt er að nýta til undirburðar o.fl.	



Smáraræktun í blöndu með grasfræi hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum. Smárar eru gott, steinefnaríkt fóður með hátt próteininnihald, hátt meltanleikahlutfall og þeir binda nitur í jarðveg og draga þar með úr áburðarþörf og stuðla að sjálfbærari búskaparháttum. Smárar geta líka hentað í landgræðslu samhliða sáningu grastegunda en vegna niturbindingarhæfni sinnar geta þeir flýtt framvindu gróðurlenda.

Til að auka árangur smáraræktar þarf að hafa nokkur atriði í huga:

- **Rhizobium smitun:** Á rótum smárans lifa samlífisörverur af Rhizobium stofni. Þessar örverur binda nitur úr andrúmslofti í skiptum fyrir sykrur og dvalarstað. Bæði er hægt að fá smitið sér eða húðað á fræinu sem nefnist þá "forsmitað".
- **Val á ræktarlandi:** Smárar þrífast best í rakaheldnum, vel framræstum og steinefnaríkum jarðvegi með hátt sýrustig. Æskilegt er að stefna á sýrustig í kringum pH 6,0 að lágmarki. Of lágt sýrustig getur dregið stórlega úr endingu smárans í tínum.
- **Áburðargjöf:** Til að tryggja viðgang og endingu smára ætti að draga út nitur- áburðargjöf en samhliða auka bæði fosfór- og kalískammt. Of mikill nituráburður flýttir hörfun smárans.



Smárar

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir	LBHÍ prófað
NÝTT 90671	Logasmári HEUSERS OSTSAAT forsmitaður	5-15	25	730	18.250	Einær smárategund sem hentar í græn-fóðurblöndur, t.d. með vetrarrýgresi og sumarhöfnum. Fræið kemur forsmitað.	
90604 90602	Hvítsmári HEBE forsmitaður Lífrænt vottað fræ	7-11	10	2.140 2.780	21.400 27.800	Tvílitna. Miðlungs uppskera.	✓
90600	Hvítsmári UNDRÖM án smits	7-11	10	1.495	14.950	Gamalt yrki. Þrautreynt hérlandis. Góð uppskera.	✓
90612F 90606	Rauðsmári YNGVE (2n) forsmitaður Lífrænt vottað fræ	12-14	10	1.740 2.160	17.400 21.600	Tvílitna. Endingargóður. Uppskerumikill. Með gott vetrarþol.	✓
90615	Rauðsmári PEGGY (4n) forsmitaður	12-14	10	2.190	21.900	Ferlitna. Uppskerumikill. Hefur komið vel út í tilraunum.	✓
90616	Rauðsmári SAIJA (2n) án smits	12-14	10	2.200	22.000	Nýtt finnskt tvílitna yrki sem lofar góðu bæði varðandi uppskeru og vetrarþol. Ekki forsmitað.	✓
90619	Bakteríusmit fyrir smára	í 10 kg	100g		2.790	Rhizobium bakteríusmit til að tryggja niturbindingu smára. Einn poki dugir fyrir 10 kg af smárafræi.	

Niturbindandi

Hvítsmári hentar mjög vel til beitar og sláttar. Hvítsmári breiðir úr sér með jarð-renglum og mun því auka þekju sína árin eftir sáningu. Hann skilar ekki mikilli uppskeru en gefur góðan endurvöxt og hefur ágætt vetrarþol.

Rauðsmári er mun uppskerumeiri og gefur almennt góðan endurvöxt. Rauðsmári hefur ekki jarðrenglur heldur stólparót og hefur því ekki sömu möguleika á að breiða úr sér og hvítsmárin. Hann þolir þurrk en er ekki jafn vetrar- og beitarþolinn og hvítsmári.

NÝTT

Logasmári er einær smárategund sem prófuð hefur verið hérlandis með ágætum árangri. Hentar í blöndu með vetrarrýgresi, sumarhöfnum og eða í skjólsáningar-blöndu sem sáð er samhliða grasfræi í nýræktir. Í ár er boðið upp á þýska logasmárayrkið HEUSERS OSTSAAT og er fræið forsmitað og tilbúið til sáningar. Logasmári er með djúpsækið rótarkerfi og hentar til ræktunar á fjölbreyttum jarðvegsgerðum. Hann gerir sömu kröfu og aðrir smárar til sýrustigs.



Logasmári

Grænfóður

Ræktun einærra fódurjurta er mikilvægur liður í fóduröflun á flestum búum. Um er að ræða fljótsprottnar tegundir sem skila góðri uppskeru sáðárið. Grænfóðurræktun getur einnig verið liður í endurræktunarferli meðan landið fær að brjóta sig áður en því er lokað á ný. Jafnframt getur ræktuð grænfóðurs verið mikilvægt svar við kalskemmdum, þ.e. til að tryggja sem mest fóður þegar tún hafa skemmt.

Sumarhafrar

Þau sumarhafrayrki sem hér eru ræktuð eru flest seint skríðandi hafrar, yrki sem einnig gefa af sér korn sé lengd sumars nægjanleg. Eiginlegir vetrarhafrar eru lítið í ræktun í Skandinavíu, enda er frostþol þeirra lítið. Sumarhafra þarf að slá rétt fyrir skrið og ef snemma er slegið geta þeir gefið af sér nokkurn endurvöxt. Hafrar þola lakari jarðvegsgæði en t.d. bygg.

Sumar- og vetrarrýgresi

Einært sumar- eða vetrarrýgresi er eitt mest ræktaða grænfóðrið hér á landi. Sumaryrkin vaxa hratt og skríða snemma og það þarf að gæta vel upp á nýtingu í tæka tíða fyrir eða um skrið. Vetrarrýgresi er hægsprottnara fram að slætti en gefur meiri endurvöxt eftir slátt. Fóðrunarvirði vetrarrýgresis er almennt meira en sumarrýgresis. Vetrarrýgresi nær stundum að yfirvetra og getur gefið uppskeru árið eftir sáningu en ekki er hægt að stóla á það.

Grænfóður - sumarhafrar & einært rýgresi

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir	Vaxtar-dagar	LBHÍ prófað
90108 90109	Sumarhafrar NIKE	200	25 600	145	3.625 87.000	Grænfóðurhafrar. Skríða seint. Finnskt yrki. Hentar einnig til kornþroska í hlýrri sveitum.	70-90	✓
90122-25 90122	Sumarhafrar NÝTT SCOTTY	200	25 700	145	3.625 101.500	Grænfóðurhafrar. Nokkuð hávaxnir. Skríða seint. Þýskt yrki. Hentar einnig til kornþroska í hlýrri sveitum.	70-90	
90175	Sumarhafrar TAIKA	200	20	150	3.000	Blaðríkir grænfóðurhafrar. Skríða seint. Finnskt yrki.	70-90	✓
90242	Sumarrýgresi LEMNOS (4n)	30-40	25	450	11.250	Uppskerumikið og snemmsprottið ferlitna rýgresi við íslenskar aðstæður.	40-60	✓
90220	Sumarrýgresi * SWALE (2n)	30-40	20	460	9.200	Uppskerumikið. Ferlitna. Paulreynt hérlandis. Góður endurvöxtur. Hentar til beitar og sláttar.	40-60	✓
90260	Vetrarrýgresi NÝTT TURGO (4n)	30-40	25	392	9.800	Uppskerumikið ferlitna yrki. Gefur mikla og sykurríka uppskeru með hátt mæltanleikahlutfall. Góður endurvöxtur.	70-90	✓
90279	Vetrarrýgresi DANERGO (4n)	30-40	10	395	3.950	Uppskerumikið. Ferlitna. Kröftugur vöxtur. Skríður seint.	70-90	✓
90263	Vetrarrýgresi NANA (4n)	30-40	25	460	11.500	Uppskerumikið. Ferlitna. Gefur mikla og sykurríka þurrefnisuppskeru, hefur hátt endurvaxtarhlutfall og er sjúkdómapolið.	70-90	
90270	Vetrarrýgresi * MEROA (4n)	30-40	25	430	10.750	Uppskerumikið. Ferlitna. Paulreynt yrki sem hefur gefið góða raun. Skríður snemma.	70-90	✓

*** Takmarkað magn**



Öll verð eru **án vsk** nema annað sé tekið fram. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga.

Grænfóður

Vetrarrepja

Fóðurrepja er mikið ræktuð hérlandis, sér í lagi til haustbeitar fyrir mjólkurkýr og lambfé. Með ræktun hennar má viðhalda kjarngóðri beit á sama tíma og annar gróður er farinn að dala. Hún er fyrst og fremst ræktuð fyrir blaðvöxtinn sem má bæði beita en einnig votverka. Gott er að hafa í huga að hæð repjunnar má hafa áhrif á með sáðskömmtum og með sáðmagni nær efri mörkum verða plöntur fleiri en jafnframt lægri. Vetrarrepja getur gefið góða uppskeru og fer seint eða ekki í kynvöxt og stendur langt fram á haust.

Sumarrepja

Eftir nokkurra ára fjarveru er sumarrepja nú aftur fáanleg. Sumarrepja er afar fljótsprottin, fer snemma í kynvöxt (blómgun) og hefur að því leytinu skamman nýtingartíma. Hún hefur þó átt nokkurn hóp fylgjenda og nú er fáanlegt þýska yrkið Helga.

Fóðurrófa GOWRIE

Í ár er í boði gulrófuyrkið GOWRIE, yrki sem hentar bæði til fóðuröflunar og manneldis. Um er að ræða breskt yrki sem hefur góða mótstöðu gegn kálæxlaveiki og mjöldögg.

Grænfóður - fóðurrepja, næpur, rófur & mergkál

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir	Vaxtar-dagar	LBHÍ prófað
90305	Sumarrepja HELGA NÝTT	8-12	10	540	5.400	Snemmsprottin og lystug. Þarf mun færri vaxtar-daga en vetrarrepja en þarf líka að nýta hratt.	50-70	
90381 90382	Vetrarrepja HOBSON	8-10	20 25	730	14.600 18.250	Uppskerumikið, stilkhátt og blaðríkt yrki sem er mikið ræktað hérlandis.	80-100	✓
90372	Vetrarrepja AKELA NÝTT	8-10	10	515	5.150	Gamalreynt yrki sem gefur ágæta uppskeru. Er laufmikið með hátt meltauleikahlutfall.	80-100	✓
90384-5 90384-20	Vetrarrepja UNICORN	8-10	5 20	780	3.900 15.600	Nýtt fljótsprottið blendingsyrki með mikla vax-targetu. Getur gefið góðan endurvöxt með réttri nýtingu.	80-100	
90365	Vetrarrepja FONTAN	8-10	10	510	5.100	Gamalreynt og uppskerumikið yrki. Meðalhátt. Blaðríkt.	80-100	✓
90367-5	Vetrarrepja INTERVAL	8-10	5	860	4.300	Uppskerumikið. Hávaxið. Blaðríkt yrki sem hefur skilað góðum árangri í ræktun hérlandis.	80-100	✓
90404	Fóðurmergkál BOMBARDIER	6-9	5	2.690	13.450	Uppskerumikið. Sjúkdómapolið. Lystugt og með hátt fóðrunarvirði.	100-130	
90423	Fóðumæpur SAMSON	2,5	5	995	4.975	Prautreynt yrki sem nokkuð hefur verið ræktað hérlandis. Fáar tegundir geta gefið eins margar fóðureiningar pr. hektara í ræktun. Lystugt og sykurríkt.	90-110	✓
90430	Fóðurrófa GOWRIE NÝTT	2-4	1	10.930	10.930	Gulrófur sem henta bæði til fóðurs og manneldis. Gefa mikla þurrefnisuppskeru á hektara. Hafa góða mótstöðu gegn kálæxlaveiki og mjöldögg.		
90435	Fóðurbeðja BLIZZARD	1 poki	c.a. 50.000 plöntur	-	19.900	Fóðurbeðja (oft rangnefnd sykurrófa). Orkurík og lystug fóðurjurt. Öreynd hérlandis. 1 skammtur í 0,5 ha.		

* Takmarkað magn



Ertur

Ræktun ertna hefur færest í vöxt hérlandis. Algengt er að sá ertum í heilsæðisblöndu með t.d. seinþroska byggi, höfrum eða vetrarrýgresi. Einnig hefur færest í aukana að ertum sé sáð sem skjólsáði í nýræktir og auka þær þá uppskerumagn og fóðrunarvirði nýræktarinnar sáðárið auk þess að leggja nýræktinni til viðbótar niturskammt. Ertur gefa af sér gott, steinefnaríkt fóður með hátt meltanleikahlutfall. Hafi ertum ekki verið sáð í viðkomandi spildu í lengri tíma eða alls ekki er mælt með smitun fræsins, enda lifa ertur í samlífi við niturbindandi *Rhizobium* örverur sem binda nitur úr andrúmsloftinu. Smitið má kaupa í 100 gramma bréfum.

Hestabaunir

Sampo hestabaunir eru snemmbroska yrki úr hópi hesta/bóndabauna (þekktar sem fababaunir á ensku). Þær henta þó varla til ræktunar nema í hlýrri sveitum. Þær geta verið áhugaverður kostur til að prófa í heilsæðisblöndu með höfrum eða vorhveiti. Líkt og ertur geta þær gefið af sér gott próteinfóður með hátt meltanleikahlutfall.

Logasmári - sjá meira á síðu 9.

Ertur, baunir og einærar belgjurtir

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir	LBHÍ prófað
90671	Logasmári HEUSERS OSTSAAT forsmitaður NÝTT	25-30	25	730	18.250	Einær smáategund sem hentar í grænófóðurlöndur, t.d. með vetrarrýgresi og sumarhöfrum. Fræið kemur forsmitað.	
90648 90650	Ertur INGRID	200-250	25 700	185	4.625 129.500	Fyrir norðlægar aðstæður. Stendur vel. Er uppskerumikið með háan þúsundkornþunga. Gefur gular ertur.	✓
90651 90651-600	Ertur MATILDA	200-250	20 600	186	3.720 111.600	Finnskt yrki. Hentar vel til fódurs og manneldis. Uppskerumikið. Gefur grænar ertur.	✓
90680	Hestabaunir SAMPO	150-200	20	210	4.200	Snemmbroska finnskt yrki til fódurs. Einna fyrst til þroska. Óvíst um þroska hérlandis. Sama bakteríusmit og f. ertur.	
90645	Bakteríusmit fyrir ertur	í 100 kg	100g		2.790	Einn poki dugir fyrir 100 kg af ertufræi.	

 Niturbindandi



Olíujurtir

Ræktun repju og nepju til olíuvinnslu er ekki útbreidd hérlandis en þó er hér hópur ræktenda sem sáir og uppsker árvisst. Á liðnum árum hefur ræktunin að mestu einskorðast við voryrki olíunepju og hefur **Cordelia** verið mest ræktuð. Eins hefur vetraryrki verið sáð reglubundið og þar hefur **Largo** átt vinninginn og virðist það bæði vera vetrarþolið og snemmbroska árið eftir sáningu.

Synthia - nýtt yrki vornepju

Í ár bætist við nýtt voryrki olíunepju sem nefnist Synthia. Synthia er finnskt yrki sem samkvæmt þarlandum til-raunum er enginn eftirbátur eldri yrkja. Það er fyrr til þroska en gefur á sama tíma meiri uppskeru.

Olíujurtir

Vöru-númer	Stofn	Sáðmagn kg/ha	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir	LBHÍ prófað
90341	Vor olíunepja CORDELIA	6-8	20	1.280	25.600	Snemmbroska þaulreynt voryrki olíunepju sem gefur ágæta uppskeru.	✓
90345	Vor olíunepja NÝTT SYNTHIA	6-8	20	1.330	26.600	Nýtt snemmbroska yrki frá Finnlandi sem tekur eldri yrkjum fram í uppskerumagni og stöngulstyrk. Tveimur dögum fyrr til þroska en Cordelia.	✓
90320	Vetrar olíunepja LARGO	8-10	10	1.200	12.000	Vetrarolíunepja sem hefur nokkuð verið ræktuð hérlandis og sýnt bæði gott vetrarþol og uppskeruhæfni.	✓

Öll verð eru **án vsk** nema annað sé tekið fram. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga.

Fræ fyrir grasflatir og græn svæði

Hjá Líflandi færðu gott úrval grasfræs fyrir garðinn og önnur græn svæði. Hægt er að kaupa einstakar tegundir eða tilbúna blöndur (Garðablanda og Uppgræðslublanda). Til uppgræðslu á opnum svæðum, t.d. í kringum rask vegna vegaframkvæmda er líka upplagt að sá hvítmára sem finna má á síðu 9 í þessum bækling. Sáning í íbúðarhúsalóð getur verið ódýr en um leið afar heppileg leið til að koma upp fallegri grasflöt.

Hvernig berðu þig að?

■ Undirlagið og undirbúningur

Léttsandblönduð gróðurmold er besti valkosturinn sem undirlag. Ekki hafa hreinan sand nema að hámarki í 2-5 cm lagi yfir gróðurmold. Flötina þarf að grjóthreinsa og raka vel slétta fyrir sáningu. Þetta er mikilvægt þar sem þetta verður ekki auðveldlega lagfært eftir að grasið hefur komist á legg nema á lengri tíma.

■ Sáðskammtur

Þegar sáð er í litlar flatir má nota allt að 2 kg fræs á hverja 100m² til að árangur verði sem skjótastur. Í stærri verkefni má fara í 0,5-1 kg.



■ Hvernig er gott að dreifa fræinu?

Hægt er að fá litla handknúna frædreifara í garðvöruverslunum. Fylgið leiðbeiningum þeirra. Fyrir minni aðgerðir er lítið mál að handdreifa fræinu en fyrir óreynda er gott að skipta sáðskammtinum í 2-3 hluta og miða við að dreifa fyrsta skammtinum langsum á flötina með því að ganga fram og tilbaka þar til búið er að dekkja flötinn. Næsta umferð er farin þversum og sú þriðja á ská. Þannig næst sem best dreifing.

Æskilegt er að dreifa grasfræinu í lygnu veðri og því skal sáldra sem jafnast yfir flötinn. Að lokinni sáningu er gott að raka mjög léttilega yfir flötina með malarhrífu. Að því loknu er gott að valta yfir með litlum garðvalta (þeir fást t.d. vatnsfylltir hjá flestum tækja-leigum).



Flatargrös

Vörunúmer	Stofn	Stærð sekkja (kg)	Verð kr./kg án vsk	Verð kr./sekk án vsk	Helstu kostir
98002	Túnvingull RUBIN	10	680	6.800	Nægjusamur og harðger. Hentar vel til landgræðslu og í grasflatir.
98005	Túnvingull GONDOLIN	15	490	7.350	Nægjusamur og harðger. Hentar vel til landgræðslu og í grasflatir.
90082	Sauðvingull RIDU	18	850	15.300	Harðgerður, lágvaxinn og þurrkþolinn. Skriðull og svarðarmyndandi. Hentar vel í landgræðslu og sem hluti af grasflatafrablöndu.
90223	Vallarrýgresi BIRGER	20	490	9.800	Hentar vel með öðrum grastegundum. Spírar hratt og myndar fljótt svörð.
90067	Vallarsveifgras KUPOL	10	1.170	11.700	Paulreynt yrki sem hefur mikið verið ræktað hérlandis. Polið og svarðarmyndandi. Fremur fingert.
90072	Vallarsveifgras BALIN	10	890	8.900	Svarðarmyndandi og stuðlar að góðri lokun grasflata.
90074	Vallarsveifgras OPAL	10	990	9.900	Svarðarmyndandi og stuðlar að góðri lokun grasflata.
99014 / 99015	Garðablanda	1 / 10		1.041 / 8.057	Góð alhliða grasfræblanda í garðflatir og græn svæði. Vallarrýgresi ROKADE 20%; túnvingull CAPRICCIO/CALLIOPE 20%; rauðvingull MAXIMA 1 45%; sauðvingull RIDU 5%; vallarsveifgras MIRACLE 10%.
90011 / 99012	Uppgræðslublanda	1 / 10		960 / 7.250	Hentug grasfræblanda til uppgræðslu svæða sem njóta minni umhirðu. Vallarrýgresi ROKADE 30%; túnvingull CAPRICCIO/CALLIOPE 30%; rauðvingull MAXIMA 1 30%; vallarsveifgras MIRACLE 10%.

Öll verð eru **án vsk** nema annað sé tekið fram. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga.

Flatargrös

Fróðleikur um sáningu grasflata

■ Áburðargjöf

Æskilegt er að bera þrígildan áburð á eftir sáningu, t.d. Græði 6, Blákorn eða Graskorn, um 4-6 kg/100m². Gott er að fylgja sömu aðferðarfræði í sambandi við dreifinguna og fyrir fræið, þ.e. dreifa áburðinum í nokkrum umferðum. Ekki blanda fræi og áburði saman. Þessi efni eru mjög mispung og henta ekki til dreifingar í sömu aðgerð.

■ Umhirða eftir sáningu

Eftir sáningu er æskilegt að halda yfirborðinu jafnröku og vökva ef þurrkur gerir vart við sig. Notið hringúðara eða sambærilegan búnað sem dreifir jafnt og þétt yfir flötinn. Hættið að vökva áður en pollar myndast og endurtakið eftir þörfum.

■ Spírun og vöxtur

Grasfræblöndur á borð við Garðablöndu og Uppgræðslublöndu eru um 4-6 vikur að fullspíra, en fyrstu fræ byrja að gera vart við sig um 2 vikum eftir sáningu. Lágmarkið alla umferð og friðið svæðið fyrir leik barna á meðan fræið er að spíra og næstu 4-6 vikur eftir að svæðið er orðið grænt. Þetta er mikilvægt til að grasið náði að loka svæðinu og mynda svörð.

■ Reglubundin umhirða

Mjög gott er að kalka grasflatir með skeljasandi eða áburðarkalki með reglubundnum hætti, t.d. annað eða þriðja hvert ár. Þetta dregur úr því að mosi nái fótfestu. Áburðargjöf má miða við að hefja að vori þegar kominn er grænn hjungur á flötina (4-5 kg 100m²) og svo má endurtaka 1-2svar eftir þörfum og dreifa þá sem nemur 2 kg/100m². Græðir 6, Graskorn og Blákorn eru allt áburðartegundir sem geta gengið.



Fræblöndur með úthagagróðri? Gott ráð!

Fræblöndur með íslenskum úthagagróðri eru ekki fáanlegar þar sem framboð af slíku fræi er ekki til staðar. Ef úthagablettir í nágrenni sumarhúsa eru slegnir með orfi að haustlagi má dreifa slægjunni á bletti sem verið er að græða upp og þannig fá bæði fræ og plöntuhluta sem náð geta fótfestu í uppgræðslunni.

Verktakar, leitið tilboða!

Við hvetjum verktaka og aðila í stórframkvæmdum til að hafa samband og fá tilboð í grasfræið.



Vinsamlegast hafið samband við sölufólk okkar í síma 540 1100 eða með tölvupósti á fodur@lifland.is

Verslun Reykjavík | Lynghál 3, 110 Reykjavík, Sími: 540 1125

Verslun Akureyri | Grímseyjargötu 2, 600 Akureyri, Sími: 540 1150

Verslun Borgarnesi | Digranesgata 6, 310 Borgarnesi, Sími: 540 1154

Verslun Blönduósi | Efstabraut 1, 540 Blönduósi, Sími: 540 1155

Verslun Selfossi | Austurvegur 69, 800 Selfossi, Sími: 540 1165

Verslun Hvolsvelli | Ormsvöllur 5, 860 Hvolsvelli, Sími: 487 8888


Skrifstofa | Brúarvogur 1-3, 104 Reykjavík, Sími: 540 1100

Endursöluaðilar sáðvöru

 Kaupfélag Vestur Húnavetninga, Hvammstanga.

 Verkstæði Svans, Finnsstöðum, Fljótsdalshéraði.

 Kaupfélag Borgfirðinga (KB), Borgarnesi





HEYVERKUNARVÖRUR 2025

RÚLLUHEYSKAPUR

Rúlluplast - Rúllunet - möttulfilma

STÆÐUHEYSKAPUR

Yfirbreiðsluplast - undirplast og
fleira til stæðugerðar

ÍBLÖNDUNAREFNI

Magniva Platinum íblöndunarefni
og DSG dælur

Hollur er heimafenginn baggi!

Heyskapur og verkun heyja er undirstaða fóðrunar á hverjum bæ og því mikið í húfi að vel takist til. Til að tryggja góða varðveislu þarf að velja gæðavöru sem hægt er að treysta á. Lífland býður upp á sívaxandi úrval gæðavara á þessu sviði og stöðug aukning síðustu ára gefur okkur fullvissu fyrir því að varan sé að hitta vel í mark og gagnast viðskiptavinum okkar.

Hvaðan koma vörurnar?

Lífland starfar með nokkrum virtum birgjum á sviði heyverkunarvöru og lögð er áhersla á vörur sem hafa sannað notagildi sitt við íslenskar aðstæður.



VisscherHolland

Hollenskt fyrirtæki sem hefur starfað á evrópskum markaði í 75 ár. VisscherHolland leggur Líflandi til breitt vöruval með Megastretch rúlluplastið í fararbroddi en einnig breiða línu af plastfilmum, neti og fleiru til stæðugerðar auk DSG dælubúnaðar fyrir íblöndunarefni. Hjá VisscherHolland er staðið að virkri vöruþróun og vörugæði, aukin afurðasemi og hámarksnýting gróffóðursins sett á oddinn.



BSK Lakufol

Þýskur framleiðandi sem hóf starfsemi 1968 og hóf framleiðslu á rúlluplasti 1987, einna fyrstur evrópskra framleiðenda. BSK Lakufol rekur fullkomna verksmiðju í Henfenfeld í Þýskalandi og framleiðir hágæða plastvörur fyrir kröfurharðan þýskan markað. Árið 2024 hóf Lífland innflutning og sölu á Agrastretch rúlluplasti frá BSK Lakufol sem hefur í stuttu máli fengið afar góðar viðtökur og könnun meðal kaupenda síðasta árs staðfestir að varan stenst væntingar.



Karatzis

Karatzis er grískur framleiðandi rúllunets og hverskyns plastnets fyrir landbúnað og fleiri not með framleiðslu á Grikklandi og í Þýskalandi. Lífland hefur flutt inn og selt TotalCover rúllunetið frá Karatzis um árabil og hefur varan mælst vel fyrir og fjölmargir bændur sem vilja ekki nota annað.



Lallemand

Magniva Platinum íblöndunarefnin hafa náð hraðri fótfestu á íslenskum markaði, en um er að ræða bakteríu-íblöndunarefni sem stýra gerjun votheys í rétta átt. Lallemand er einn stærsti aðili veraldar á sviði gerjunarlausna og stendur að viðamikilli þróunarstarfsemi og á fjölda einkaleyfisskyldra bakteríustofna sem það nýtir í vöruþróun sína. Með Magniva Platinum lausnunum má minnka verkunartap, bæta geymslupól og fá meiri afurðir úr hverju tonni gróffóðurs.

Leitaðu tilboða hjá sölumönnum okkar!

Hjá Líflandi starfar samstilltur hópur sölumanna, verslunarstjóra og starfsfólks sem vill gjarnan aðstoða og finna bestu lausnina fyrir þig. Við hvetjum þig til að hafa samband í foder@lifland.is eða síma 540-1100 ef við verðum ekki fyrri til og fá tilboð í heyverkunarvörurnar. Einnig getur þú leitað til starfsfólks í verslunum eða söludeild.

Reykjavík - Söludeild



Karl Trausti Einarsson
Sölumaður
540 1120
karlt@lifland.is



Ásdís Rún Ólafsdóttir
Sölumaður
540 1136
asdisrun@lifland.is



Kjartan Sveinsson
Sölumaður
540 1134
kjartan@lifland.is



Jóhannes Baldvin Jónsson
Vörustjóri
540 1139
johannes@lifland.is

Borgarnes - Vesturland



Helgi Björn Ólafsson
Verslunarstjóri
Borgarnesi
540 1154
helgibo@lifland.is



Hanna Laufey Jónasdóttir
Sölumaður
Borgarnesi
540 1154
borgarnes@lifland.is

Blönduós - Norðurland vestra



Sævar Björgvinsson
Verslunarstjóri
Blönduósi
540 1155
saekar@lifland.is




Ásmundur Óskar Einarsson
Sölumaður
540 1155
blonduos@lifland.is

Akureyri - Norðurland



Ellert Jón Gunnsteinsson
Verslunarstjóri
Akureyri
540 1150
akur@lifland.is



Baldur Garðarsson
Sölumaður
Akureyri
892-4773
akur@lifland.is

Hvolsvöllur - Suðurland



Örvar Arason
Verslunarstjóri
487 8888
hvolsvollur@lifland.is



Auðunn Kristjánsson
Sölumaður
487 8888
hvolsvollur@lifland.is

Megastretch rúlluplast

Megastretch rúlluplastið frá Hollandi hefur verið á íslenskum markaði í 15 ár og gefið góða raun. Plastið er 5 laga og 25 míkron að þykkt. Plastið er teygju- og stungupolið og hefur mjög góða límeiginleika. Það á sér sístækkandi hóp ánægðra kaupenda sem vilja ekkert annað en Megastretch.

Vörunúmer	Lýsing	Þykkt míkron	Verð kr.
VHPLAST75HV	Megastretch 75cm x 1500m Hvítt	25	14.190
VHPLAST75GR	Megastretch 75cm x 1500m Grænt	25	14.190
VHPLAST75SV	Megastretch 75cm x 1500m Svart	25	13.890
VHPLAST50GR	Megastretch 50cm x 1800m Grænt	25	13.090



AgraStretch rúlluplast

AgraStretch 2S

AgraStretch rúlluplast frá BSK Lakufol í Þýskalandi fæst í hefðbundnum 75 x 1500 metra fimm laga rúllum. Plastið er 25 míkron að þykkt í þremur litum. Lífland hóf markaðssetningu á plastinu frá BSK Lakufol vorið 2024 og hefur það hlotið mjög góðar viðtökur.

Vörunúmer	Lýsing	Þykkt míkron	Verð kr.
KAR0001GR	AgraStretch 2S 75cm x 1500m Ljósgrænt	25	13.990
KAR0004HV	AgraStretch 2S 75cm x 1500m Hvítt	25	13.990
KAR0007SV	AgraStretch 2S 75cm x 1500m Svart	25	13.790

AgraStretch XL Pro

AgraStretch XL Pro kemur á 1900 metra rúllum sem fást afgreiddar á 20 kefla brettum án kassa en vel umbúnar og varðar ([smella hér fyrir myndband](#)). Þessi frágangur minnkar umbúðamagn og dregur úr sóun. Plastið er 22 míkron.

Vörunúmer	Lýsing	Þykkt míkron	Verð kr.
KAR0010GR	AgraStretch XL Pro 75cm x 1900m Ljósgrænt	22	15.490
KAR0013HV	AgraStretch XL Pro 75cm x 1900m Hvítt	22	15.490

Rúllulímband

Sterkt límband til viðgerða á götum rúlluplasti. Hefur mikla viðloðun. Með UV-vörn og góðan teygjanleika. Efnapolið og vatnshelt. Límist á þurrt undirlag.

Vörunúmer	Lýsing	Mál	Verð kr.
AK29829-AK29831	Hvítt, grænt eða svart.	10cm x 0,2mm x 10m	990



>> [Sjá úrval rúlluplasts í vefverslun](#)





Rúllunet, möttulfilma og bindigarn

Rúllunet

Total Cover rúllunetið frá Karatzis er þaulprófað og búið að vera lengi á íslenskum markaði. Netið er slitþolið, gengur í allar gerðir rúlluvéla og hentar í allar tegundir uppskeru og við öll veðurskilyrði. Það þekur allt yfirborð sívala flatar rúllanna. Rauðlitaður endi gefur til kynna að netið sé að klárast. Netið er UV-varið.

Vörunúmer	Lýsing	Styrkur	Verð kr.
VHTOTALCOVER3600	Rúllunet Total Cover 1,23m x 3600 m	270 kg	26.090
VHTC130CMX3000M	Rúllunet Total Cover 1,30m x 3000 m	270 kg	22.990



Möttulfilma (belgplast, plast í stað nets)

TrioBaleCompressor möttulfilman er valkostur sem kemur í stað hefðbundins rúllunets í ýmsar nýrri rúllusamstæður. Með notkun filmunnar má ná fram meiri þjöppun og reglulegra formi en hægt er með rúlluneti. Möttulfilmu má endurvinnna með rúlluplasti og minnkar filman því vinnu við höndlun plastúrgangs.

Vörunúmer	Lýsing	Þykkt míkron	Strekking í vél	Verð kr.
VH5VM1402200	TrioBaleCompressor möttulfilma 1,40cm x 2200m f. McHale	16	15-20%	31.990
VH5VM1282400	TrioBaleCompressor möttulfilma 1,28cm x 2400m f. Krone	16	18-20%	31.590

Bindigarn

VITO bindigarn fyrir rúllubagga og stórbagga í mismunandi þykktum. Bindigarnið er unnið úr gæðahráefnum sem tryggja hámarks togþol og endingu. VITO garnið gefur sterka hnúta sem rakna illa af sjálfisdáðum.

Vörunúmer	Lýsing	Litur	m í pakka	Verð kr.
VH1VK150B	VITO Stórbaggagarn 2 rúllur 150m/kg	Blátt	2,7	9.990
VH1VK130G	VITO Stórbaggagarn 2 rúllur 130 m/kg	Gult	2,34	11.400
VH1VK750	VITO Bindigarn 2 rúllur 750m/kg	Blátt	6,75	6.490



[» Sjá úrval rúllunets, möttulfilmu og bindigarns í vefverslun](#)



Öll verð eru **án vsk** nema annað sé tekið fram. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga.

Stæðuplast og annað til stæðuverkunar

Stæðuverkun → Minna plast - meira fóður

Stæðuverkun færir í aukana og þeim fjölgað sem verka fóður í votheysstæður. Með verkun í stæðu má meðal annars minnka plastnotkun og ef vel er að verki staðið má tryggja jafnari og einsleitari fóðurgæði.

Þjóðum stæðuplast af öllum stærðum og gerðum!

Lífland býður upp á fjölbreytta valkosti þegar stæðuverkun er annarsvegar og ef pantað er snemma getum við boðið mikið úrval sértækra filmustærða. Hafðu samband við okkur fyrir 25. mars ef þú vilt athuga með sérstærðir.


Við munum eiga til takmarkað magn og úrval af stæðuplasti sem lagervöru og hvetjum bændur til að panta hjá okkur fyrir 25. mars.

Yfirbreiðsluplast

MegaOne einfalt yfirbreiðsluplast

Öflug sjö laga filma sem minnkar súrefnisflæði niður fyrir 1 cm³/m²/dag og einfaldar framkvæmdina við að breiða yfir stæðu sem er kjörið í vindasömu landi. Þessi filma er notuð ein og sér - án undirplasts. Þykkt 120 míkron.

- Skilvirk yfirbreiðsla
- Öflug hindrun súrefnisflæðis
- Yfirbreiðsla í einni aðgerð
- Mjög þolin filma
- 30% minni plastnotkun



Litur filmu: Svartur/Hvítur

Grunnverð á m²: 102,32 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)	Breidd (m)	Lengdir (m)
8	50, 200	18,3	61, 200, 400
10	50, 200	20	61, 200, 400
12	50, 200, 400	24	61, 100
14	50, 200, 400	28	61, 100
16	50, 200, 400	32	61, 200



MegaplastPower yfirbreiðsluplast

MegaplastPower yfirplastið er framleitt með 5-laga tækni og tryggir hámarks súrefnisvörn samhliða rétt völdu undirplasti - t.d. TopSeal eða MegaBarrier. Þykkt 125 míkron.

Litur filmu: Svartur/Svartur. Stjörnumerktar stærðir (*) einnig til Svartur/Hvítur.

Grunnverð á m²: 64,67 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)	Breidd (m)	Lengdir (m)
6	35, 50, 200*, 400	18,3	61*, 200*, 400
8	35, 50, 200*, 400	20	61*, 200*, 400*
10	35, 50, 200*, 400	24	61*, 100*, 200*
12	35, 50, 200*, 400	28	61*, 100*, 200*
14	35, 50, 200*, 400	32	61*, 100*, 200*
16	35, 50, 200*, 400		

MegaCombi 2-in-1 yfirbreiðsluplast

MegaplastPower yfirfilma og MegaBarrier undirfilma saman á rúllu. Einfaldar þakningu stæðunnar þar sem hægt er að draga báðar filmur út í einni aðgerð. Þykkt 125+40 míkron.

- MegaplastPower og MegaBarrier filmur saman á rúllu
- Öflug vörn gegn súrefnisflæði
- Auðveldari og skjótvirkari þakning stæðunnar
- Rúllaðu báðum filmum út í einni aðgerð

Litur filmu: Svartur/Svartur

Grunnverð á m²: 115,10 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)	Breidd (m)	Lengdir (m)
10	50, 300	16	50, 61, 300
12	50, 300	18,3	61, 300
14	50, 300	20	61, 300



>> Stæðuplast og fylgihlutir í vefverslun

[Sjá myndband um framkvæmd yfirbreiðslu með MegaCombi](#)



Undirplast

TopSeal undirplast

TopSeal undirplastið er fyrsta lagið ofan á stæðunni og myndar varnarlag milli stæðu og MegaplastPower yfirplasts. TopSeal er þunnt og meðfærilegt plast sem veitir aukna vörn gegn súrefni og hitamyndun af þess völdum. Undirplastið fæst í nokkrum stærðum. Þykkt 40 míkron.

- Létt filma sem lagar sig að yfirborði gróffóðursins
- Veitir góða vörn gegn súrefnisflæði

Litur filmu: Glær

Grunnverð á m²: 19,97 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)
8	50, 200
10	50, 200
12	50, 200
14	50, 200

Breidd (m)	Lengdir (m)
16	50, 200
18,3	61, 200
20	200



MegaBarrier undirplast

MegaBarrier er undirplast sem myndar varnarlag milli stæðu og yfirplasts og leggst vel á gróffóðrið. Um er að ræða þykkara plast sem gefur hámarksvörn gegn súrefnisflæði (1.85 cm³/m²/dag). Þykkt 50 míkron.

- Létt filma sem lagar sig að yfirborði gróffóðursins
- Veitir góða vörn gegn súrefnisflæði
- Þykkari filma sem veitir viðbótar vörn

Litur filmu: Glær

Grunnverð á m²: 37,68 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)
6	50
8	50, 200
10	50, 200
12	50, 200
14	50, 200

Breidd (m)	Lengdir (m)
16	50, 200
18,3	61, 200
20	61, 200
32	200

Hliðarplast/veggplast

Hliðarplast/veggplast er sterk filma til að þekja vegg í votheysgryfjum sem ver stæðuna fyrir innflæði regnvatns frá hliðunum.

Hliðarplastið er 120 míkron að þykkt, þykkara en hefðbundnar filmur. Þykkt plastsins á að draga úr líkum á að plastið rifni þegar það er dregið eftir veggjum gryfjunnar. Hliðarplastið leggst yfir brúnir stæðunnar sem gefur auka vörn gegn hnjaski og sliti og dregur úr líkum á verkunartapi.

Litur filmu: Svartur

Grunnverð á m²: 49,76 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)
2	50
3	50
4	50, 150

Breidd (m)	Lengdir (m)
5	50
6	50, 150



>> Stæðuplast og fylgihlutir í vefverslun

Frágangur stæðu

Meganyl varnarnet

Meganyl varnarnetið er þykkt, þéttofið fjölnota net til yfirbreiðslu yfir votheysstæður. Netið ver stæðurnar gegn götun af völdum fugla og dýra. Má einnig nota yfir rúllustæður. Jaðrar netsins eru faldaðir og með kósum á metersbili.

- Polið fyrir útfjólubláum geislum.
- Sterkt net unnið úr HDPE.

Litur nets: Svartur

Grunnverð á m²: 167,40 kr.

Breidd (m)	Lengdir (m)	Breidd (m)	Lengdir (m)
4	5	10	10, 12, 15, 20, 30
6	10, 15	12	15
8	10, 15	14	16
9	10, 15	16	18



Sand/malarpokar

Hentugir, fjölnota sandpokar úr ofnu plasti til að fergja stæðuplast og net. Vigta um 10 kg þegar búið er að fylla þá af mól eða sandi. 50 pokar í pakkningu. Stærð: 120x27cm.

Með því að nota mól í stað sands er hægt að fyrirbyggja að innihaldið frjósi saman sem gerir pokana liprari í frosti.

Vörunúmer	Litur	Mál	Verð m.vsk. kr.
VHSANDPOKAR	Svartur	120cm x 27cm	280

[>> Stæðuplast og fylgihlutir í vefverslun](#)



Íblöndunarefni og búnaður

Aukið virði og bætt nýting gróffóðurs

Notkun bakteríuþblöndunar í vothey er skilvirk leið til að auka virði gróffóðurs. Íblöndun réttar bakteríustofna stýrir gerjun í rétta átt, næringarefni varðveitast betur, það dregur úr tapi við verkun og hvert tonn slægju skilar meiri afurðum.

Öflugar dælur og gæðaíblöndunarefni

Lifland býður bæði upp á öflugan búnað til notkunar á íblöndunarefnum, búnað sem fengið hefur afar góðar viðtökur meðal bænda. Hjá Liflandi fást jafnframt bakteríuþblöndunarefni í fremstu röð, Magniva Platinum frá Lallemand.

DSG dæla fyrir íblöndunarefni

Handhæg dæla og skammtari fyrir íblöndunarefni sem er auðveld í uppsetningu. Dælan kemur með 100 eða 200 L forðatanki, er rafstýrð og einföld í allri notkun. Rafstýrð flæðistýring býður upp á nákvæma stjórnun innan úr vél. Allir helstu varahlutir fáanlegir hjá Liflandi.

DSG dælan getur afkastað að hámarki 150 lítrum á klukkustund. Með stillanlegri flæðistýringu má ná hámarksnýtingu á verðmæt íblöndunarefni og dreifing þeirra í slægjunni verður mun nákvæmari og jafnari.

DSG dælunni má koma fyrir á rúlluvélum og hleðsluvögnum en einnig má setja hana á fóðurblandara og nota með efnum sem draga úr hitamyndun í heilfóðri.

Vörunúmer	Stærð m	Verð kr.
VH4ZDSG100	DSG 100 lítra dæla	299.900
VH4ZDSG200	DSG 200 lítra dæla	339.900

[>> Sjá meira um DSG dæluna í vefverslun](#)



MAGNIVA PLATINUM íblöndunarefni

MAGNIVA PLATINUM línar markar ný viðmið þegar kemur að gerjun og loftfirrðum stöðugleika fyrir orkuríkt vothey þar sem hinn einstæði, einkaleyfissskyldi bakteríustofn, *Lactobacillus hilgardii* CNCM I-4785, er hagnýttur:

- Lægra pH
- Minni gersveppamyndun og mygla
- Bætt fóðurnýting
- Minna þurrrefnistap vegna skemmda og hitunar
- Meiri ending fódurs á fóðurgangi

MAGNIVA PLATINUM 2

Magniva Platinum 2 er íblöndunarefni sérstaklega ætlað fyrir vothey með meira en 30% þurr-efnisinnihald og hátt sykurinnihald þar sem von getur verið á áskorunum í verkun.

Eitt 100 g bréf dugar í 100 tonn af ferskri slægju.




MAGNIVA PLATINUM 3

Magniva Platinum 3 er ensímbætt íblöndunarefni sérstaklega ætlað fyrir vothey með meira en 30% þurrrefnisinnihald, hátt próteininnihald og lágt sykurinnihald þar sem von getur verið á áskorunum í verkun. T.d. fyrir slægju sem er rík af smára, próteinríkan en sykurlágan seinni slátt eða álíka.

Eitt 100 g bréf dugar í 50 tonn af ferskri slægju.



[>> Sjá meira um MAGNIVA PLATINUM í vefverslun](#)





LÍF Í TÚN OG AKRA Í 10 ÁR

2016 - 2025



Áburður 2025

LÍF Í TÚN OG AKRA Í TÍU ÁR!

LÍF áburður Líflands hefur nú verið fáanlegur á íslenskum markaði í 10 ár. Á þessum tíma hefur hann haslað sér völl sem raunhæfur og hagkvæmur valkostur þegar kemur að vali á áburði fyrir íslenskt ræktarland. Með samstarfi við Glasson Fertilizers í Bretlandi bjóðum við gæðalausnir sem tryggja bændum gott fóður. Við þökkum viðskiptin síðastliðin 10 ár og horfum ótrauð fram á við!

Áburður fyrir íslenskar aðstæður


Í ár leggjum við áherslu á áburðarúrval sem hentar fjölbreyttum jarðvegs- og ræktunar-aðstæðum. Með fjölgun áburðartegunda án selens svörum við nýjum kröfum bænda, þar sem selen er í auknum mæli að mælast of mikið í heysýnum. Lífland býður áfram upp á gæðavörur sem styðja við betri aðfanganýtingu og hámarks uppskeru. Kynntu þér nýjungarnar í bæklingnum!

Gæði

LÍF áburðurinn er gæða fjölkorna áburður framleiddur af Glasson Fertilizers í Bretlandi, samkvæmt evrópskum stöðlum. Glasson leggur mikið upp úr nýsköpun og vöruþróun og er markmið þeirra að bæta skilvirkni næringarupptöku og notkunar á áburði. Áburðurinn kemur í stórsekkjum sem hafa þykkan innri poka skv. BS EN ISO 9001-2000 staðli.

Áburðurinn er allur húðaður með paraffínolíu sem eykur flæði og minnkar líkur á samloðun áburðarkornanna. Þetta hefur reynst vel.

Hjá Líflandi er áhersla lögð á að mæta viðskiptavinum á sanngjarnan hátt ef eitthvað bregður út af varðandi vörugæði og er gæðafrávikum fylgt eftir eftir af festu. Allar ábendingar um það sem betur má fara eru þegar með þökkum og slíkar upplýsingar nýttar til að þróa vöruúrvalið til betri vegar.



NutriCharge byggir á efnasambandi sem bindur jónir sem annars myndu fastbinda aðgengilegan fosfór.

Í amerískum rannsóknum hefur aðgengileiki fosfórs aukist um 30-40% yfir vaxtartímann með notkun Nutri-charge. Nutricharge vörur okkar eru húðaðar með 2 lítrum/tonn fosförgjafa í áburðinum.

Aðgengilegri fosfór með NutriCharge

Á boðstólunum eru tvær vörutegundir meðhöndlaðar með NutriCharge, sem minnkar fastbindingu fosfórs í jarðveg og eykur aðgengileika hans fyrir nytjaplöntur. Þegar hefðbundnum fosfór áburði er dreift á ræktarland, og áburðurinn leysist fastbinst stór hluti fosfórsins í jarðveginum öðrum frumefnum (t.d. Al^+ , Ca^+ og Fe^+) sem fyrir eru í jarðveginum. Fastbundinn fosfór er ekki aðgengilegur plöntunum. Ef NutriCharge er í áburðinum dregur það til sín sameindirnar sem annars myndu fastbindast fosfórnum og eykst þá framboð nýtanlegs fosfórs fyrir plönturnar.

Lystauki

Natríum (Na^+) er ekki nauðsynlegt plöntum til vaxtar, en með því að auka natríum í gróffóðri má auka lystugleika þess. Aukið natríum í grösum hækkar sykurinnihald þeirra og meltanleika fódursins, sér í lagi í þurrkatíð. Þannig má gera fódrið lystugra og auka inntöku þess hjá jórturdýrum og nýtingu fódursins. Með aukinni fódurinntöku má þannig einnig auka mjólkurframleiðslu. Í boði er ein tegund með Lystauka og getur hann hentað vel til enduráburðargjafar og til að auka lystugleika háar, en saltið getur einkum haft jákvæð áhrif á spröttin grös vegna aukins sykurinnihalds. Aukin saltstyrkur í heyjum getur líka unnið gegn súrnun vambar með hlutleysingu sýra, þannig að ávinningur af viðbættu salti í gróffóðri getur verið nokkur.



Magn næringarefna í uppskeru og áburðarþörf

Í hvert skipti sem heyjað er, eru uppskorin næringarefni fjarlægð af landinu og gefin gripunum til vaxtar og viðhalds. Plöntutegundir eru misnæmar fyrir skorti á næringarefnum. Í eftirfarandi töflu má sjá viðmið um hversu mikið af næringarefnum eru fjarlægð með uppskerunni og einnig hversu næmar plönturnar eru fyrir vöntun á næringarefnum.

Magn hreinna næringarefna sem fjarlægð eru með uppskeru, kg næringarefnis á hvert tonn þurrefnis á hektara.

	N	P	K	Mg	S
Bygg	● 15	● 2,9	● 4,6	● 0,8	● 1,2
Vetrarhveiti	● 22	● 3,7	● 4,2	● 1,1	● 2,8
Hafrar	● 16	● 3,5	● 5,0	● 1,2	● 0,8
Tún	● 15-25	● 3,5	● 15,8	● 2,7	● 1,2
Smáratún	● 5,2	● 0,7	● 5,4	● 0,5	

● Mjög næmt fyrir skorti á næringarefni ● Næmt fyrir skorti ● Meðal næmt fyrir skorti
Tölur af heimasíðunni borealis-lat.com og miðast því að erlendum aðstæðum

Dæmi um hvernig má nýta sér töfluna til að reikna út magn næringarefna sem eru fjarlægð með uppskeru:

- 1) Uppskeyra upp á 3,5 tonn af byggi á hektara fjarlægir 52,5 kg af N; 10 kg af P; 16 kg af K; 2,7 kg af Mg og 4,1 kg af S, á hvern hektara lands sem uppskorið er.
- 2) Uppskeyra af 1 hektara af túngrasi, 20 rúllur (fyrri + seinni sláttur), 750 kg hver, með 40% þurrefni fjarlægir 6 tonn þurrefna sem innihalda 120kg N; 21kg P; 94,8kg K; 16,2kg Mg og 7,2kg S.


Þegar áburðarþörfir eru metnar er mikilvægt að taka tillit til magns næringarefna sem fjarlægð hafa verið, jarðvegsgerðar, frjósemi landsins og því magni búfjáráburðar sem notaður hefur verið. Í eftirfarandi töflu má finna viðmið um næringarþörfir ræktarlands og hvaða áburðartegundir í úrvali Líflands kæmu til greina til að uppfylla þau skilyrði.

Áburðarþörf ræktarlands

	N	P	K	Líf-tegundir sem gætu hentað*		
Korn	kg/ha	kg/ha	kg/ha	200 kg/ha	400 kg/ha	600 kg/ha
Frjósamt - framræst mýri	20-45	20-30	40-60	Líf 16-15-12	Líf 16-15-12	
Meðal frjósamt - mói	50-80	20-30	40-60		Líf 16-15-12	Líf 16-15-12
Rýrt - sandur/melur	90-120	20-30	40-60			Líf 20-10-10
Tún						
Uppskeyrumikil, endurræktuð	100-140	15-30	40-60		Líf 25-9-9	Líf 20-10-10
Uppskeyrulítill, gömul tún	80-100	15-20	30-40		Líf 22-8-8	Líf 22-8-8
Milli slátta	30-50	0-5	0-20	Líf 27 / Líf 24-5 / Líf 22-3-3 / Líf 22-8-8		
Grænfóður						
Hafrar/rýgresi/bygg	100-140	20-25	40-60			Líf 25-9-9
Repja/nepja/mergkál	100-140	30-40	70-90			Líf 16-15-12

*ef enginn búfjáráburður er notaður samhliða tilbúnum áburði.

Gögn frá RML



Hvað vantar plönturnar mínar?

Köfnunarefnisskortur (N): Ljósgrænn litur, blöð smágerð og blóm lítil, gulnun blaða frá miðju

Fosfórskortur (P): Fjólublár litur á blöðum og dregur úr vexti plantna.

Kalískortur (K): Gulgrænn litur og visnun blaða út frá blaðndum: Grösin verða lin og hæð þeirra mismunandi.

Magnesíumskortur (Mg): Ljósgrænn litur, gulnun milli æða í eldri laufblöðum, upprúllaðir blaðaendar, rauðbrún eða fjólublá að lit.

Kalsíumskortur (Ca): Rætur jurta mislitar, plöntur linar og ljósgrænar, visnuðum blöðum fjölgar. Blaðoddar visna fyrst.

Brennisteinsskortur (S): Gulir blettir á lafi í lok vetrar. Bæði ný og gömul blöð visna.

Mikilvægi næringarefna



Köfnunarefni (nitur) er nauðsynlegt plöntum til að mynda prótein, hvata og blaðgrænu og er þannig nauðsynlegt til ljóstillífunar. Það hefur áhrif á gæði plöntunnar sem fóðurefnis og þá sérstaklega hvað varðar magn prótíns í gróffóðrinu. N er það næringarefni sem er mest takmarkandi fyrir vöxt plantna á Íslandi.

N binst illa í jarðvegi og skolast því auðveldlega út með t.d. rigningarvatni, ekki síst yfir vetrartímann því þá hafa plöntur ekki möguleikann á að taka það upp. Einnig ber að huga að því að ef mikil úrkoma verður að vori og sumarlagi getur það valdið mikilli útskolun á nitri úr nýlega dreifðum áburði.

Hægt er að tvinna saman ræktun á grasi og belgjurtum (t.d. hvítmára og rauðsmára) en þær ná í nitur úr andrúmsloftinu með hjálp rótarörvera. Þannig er hægt að minnka áburðarþörf plantna sem vaxa við hlið belgjurta.




Fosfór (P) er nauðsynlegur plöntum til að umbreyta sólarorku í næringu, trefjar og olíu. Fosfór gegnir lykilhlutverki í ljóstillífun, efnaskiptum sykra, orkuflutningi og geymslu. Hann er mikilvægur plöntunni í upphafi vaxtar þar sem hann stuðlar að sterkari rótarvexti og sprotamyndun, auk þess sem hann ýtir undir bindingu jarðvegs. Fosfór er takmarkandi þáttur í vexti plantna þar sem hann binst fast í jarðvegi og er því mjög misnýtanlegur eftir jarðvegsgerð, sérstaklega ef hann er súr. Hægt er að auka aðgengi fosfórs fyrir plöntuna ef sýrustigi jarðvegsins er stjórnað en aðgengi plantna að fosfór er mest við pH 6-7 og er því kölkun jarðvegs góð leið til að nýta betur þann fosfór sem er í jarðveginum.



Kalí (K) er nauðsynlegt plöntum til vaxtar þar sem það styður við myndun kolvetna í laufum plantna og styrkir frumveggi þeirra. Það gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að styrkja plöntuna svo hún verði þolnari fyrir sjúkdómum, sníkjudýrum, þurrki og frosti. Kalí er aðeins aðgengilegt plöntum á uppleystu formi. Rakastig jarðvegs er því mikilvægt fyrir upptöku kalís, en um leið aukast líkur á útskolun á kalí úr jarðveginum ef jarðvegur er mjög blautur.



Magnesíum (Mg) er að finna í blaðgrænu jurta, en þar fer fram ljóstillífun. Það gegnir einnig hlutverki í uppbyggingu plöntunnar og nýtingu fosfórs.



Mikilvægi næringarefna í vexti plantna má líkja við borð í tunnu. Ekki er hægt að fylla tunnuna með vatni nema upp að lægsta borði. Hvert borð í tunnunni táknar eitt næringarefni og þannig þarf að mæta öllum næringarþörfum til að hægt sé að fylla tunnuna.



Kalsíum eða kalk (Ca) er mikilvægt plöntum til uppbyggingar frumveggja. Það er jarðvegsbætandi efni og gegnir mikilvægu hlutverki í að hækka sýrustig jarðvegs, sem er mikilvægt til að bæta nýtingu áburðarefna og eykur endingu túngrasa og smára. Kalsíum gegnir mikilvægu hlutverki í jarðvegsbyggingu, bætir samkornun og stöðugleika hans. Tilbúinn áburður hefur sýrandi áhrif á jarðveg og því gott að hann innihaldi kalsíum. Einnig má notast við kornað kalk eða skeljasand þegar þörf er á leiðréttingu sýrustigs.



Brennisteinn (S) er nauðsynlegur plöntum til uppbyggingar grænu korna og próteina. Útskolun getur orðið á brennisteini og því mikilvægt að það sé nóg framboð fyrir plöntur eftir vorleysingar og vetrar-rigningar, en plöntur geta einungis nýtt sér brennistein á formi SO_4^{2-} sem er vatnsleysanlegt.



Selen (Se) er ekki nauðsynlegt snefil-efni fyrir plöntur en það er mikilvægt fyrir dýr og hafa rannsóknir sýnt fram á að það skorti almennt í íslenskum heyjum þar sem grunnildi þess í jarðvegi er lágt hérlandis. Skortur á því getur komið fram í hinum ýmsu búfjárjúkdómum eins og stíuskjögri hjá lömbum og kálfum og hvítvöðvaveiki hjá fullorðnum dýrum.



Fáðu Líf í tún og akra

Áburðarvörulisti Líflands 2025



	N	P*	K	Ca	Mg	S	B	Se	Na
Eingildur N áburður									
LÍF 27	27,0			4,3	1,8				
Eingildur, einkorna köfnunarefnisáburður sem hentar á eldri tún þar sem notast er við mikinn búfjáráburð fyrir fyrri slátt, en einnig einn og sér milli slátta. Gagnast einnig sem ábót á köfnunarefnisskammt fyrir grænfóður.									
Tvígildur NP áburður									
LÍF 24-5 NÝTT	24,0	2,2		3,0	1,2	2,0			
Tvígildur, fjölkorna áburður sem hentar t.d. með búfjáráburði á eldri tún þar sem enginn skortur er á kalí og fosfórþörf er ekki mikil. Getur líka hentað sem millisláttar-áburður þar sem vöntun er á fosfór. Hentar einnig vel til landgræðslu þar sem þörf á kalí er almennt lítil. Án selens.									
LÍF 24-5•Se•Nutrcharge	24,0	2,2		3,0	1,2	2,0		0,0020	
Eins og LÍF 24-5 en selenbættur og meðhöndlaður með Nutrcharge sem eykur fosfórupptöku.									
LÍF 26-6•Se	26,0	2,6		4,0		3,0		0,0020	
Tvígildur, selenbættur fjölkorna áburður sem hentar með búfjáráburði á eldri tún þar sem enginn skortur er á kalí og fosfórþörf er ekki mikil. Getur líka hentað sem millis- láttaráburður þar sem vöntun er á fosfór.									
LÍF 26-10	26,0	4,4		3,0		2,5			
Tvígildur, fjölkorna áburður sem getur hentað með búfjáráburði á eldri tún þar sem enginn skortur er á kalí en þar sem vöntun er á viðbættum fosfór. Án selens.									
Prígildur NPK áburður									
LÍF 16-15-12•Bór	16,0	6,5	10,0	1,5		2,0	0,35		
Prígildur fjölkorna flagáburður sem er hentugur við endurræktun túna og í nýbrotið land. Bórbættur og hentar á grænfóður og kál sem er næmt fyrir bórskort. Hentar einnig með korni og þar sem fosfór og kalí skortir tilfínnað. Án selens.									
LÍF 19-8-12 NÝTT	19,0	3,5	10,0	2,0	0,7	2,0			
LÍF 19-8-12•Se	19,0	3,5	10,0	2,0	0,7	2,0		0,0020	
Prígildur, fjölkorna áburður sem hentar t.d. á mýrartún sem mælast með lágt kalí, en algengt er að tún um vestan- og norðanvert landið mælist lágt í kalí. Fáanlegur með og án selens.									
LÍF 20-5-12•Se•Nutrcharge	20,0	2,2	10,0	3,0		2,0		0,0020	
Prígildur, selenbættur fjölkorna áburður sem hentar t.d. á mýrartún sem mælast með lágt kalí, en algengt er að tún um vestan- og norðanvert landið mælist lágt í kalí. Fosfór meðhöndlaður með Nutrcharge sem eykur nýtingu hans.									
LÍF 20-10-10	20,0	4,4	8,3	2,0	0,9	2,0			
LÍF 20-10-10•Se	20,0	4,4	8,0	2,0	0,9	1,0		0,0150	
Prígildur, alhliða fjölkorna áburður sem hentar t.d. á tún í miðlungs rækt, einkum þar sem fosfór er ekki af skornum skammti og á mýrartún. Uppfyllir þarfi túngrasa og viðheldur jafnvægi á forða lykilnæringarefna. Fæst með og án selens.									
LÍF 20-12-8•Se	20,0	5,2	6,6	1,8	0,5	2,0		0,0020	
Prígildur, selenbættur fjölkorna áburður sem hentar t.d. á tún þar sem vöntun er á fosfór og kalí.									
LÍF 22-3-3 LYSTAUKI	22,0	1,3	2,5	3,0	1,2				2,2
Léttprígildur, fjölkorna áburður sem hentar t.d. vel milli slátta. Inniheldur viðbætt salt sem eykur lystugleika háar og eykur styrk natríums í fóðrinu.									
LÍF 22-8-8 NÝTT	21,5	3,5	6,5	3,0		2,5			
LÍF 22-8-8•Se	21,5	3,5	6,5	3,0		2,5		0,0015	
Prígildur, alhliða fjölkorna áburður sem hentar t.d. á tún í miðlungs rækt, einkum þar sem fosfór og kalí er ekki af skornum skammti. Uppfyllir þarfi túngrasa og viðheldur jafnvægi á forða lykilnæringarefna. Fæst með og án selens.									
LÍF 25-9-9•Se	25,0	3,9	7,5					0,0020	
Prígildur, alhliða fjölkorna áburður sem hentar t.d. á tún í miðlungs rækt, einkum þar sem fosfór og kalí er ekki af skornum skammti. Uppfyllir þarfi túngrasa og viðheldur jafnvægi á forða lykilnæringarefna.									
LÍF 27-6-6	27,0	2,6	5,0						
Prígildur fjölkorna áburður sem hentar t.d. þar sem búfjáráburður er borinn á og getur hentað milli slátta. Án selens.									
Kalkáburður									
LÍF Kornað kalk 38				38,0					
Kornað kalk er jarðvegsbættandi efni sem dregur úr sýringu jarðvegs. Kornaða kalkið er unnið úr fint móludum kalksteini sem hefur skjótari verkun en skeljasandur. Hentar vel til viðhaldskölkunar á túnum. Of lágt sýrustig getur dregið verulega úr nýtingu áburðarefna. Hentar til dreifingar með venjulegum áburðardreifara.									

Gildin segja til um hlutföll hreinna efna í %. Áburðurinn er afhentur í 600 kg stórsekkjum.
Áburðurinn er allur fjölkorna, nema Líf 27 sem er einkorna.

* P er 92% vatnsleysanlegur

Nýjustu áburðarverðin má
finna á vef Líflands
www.lifland.is/aburdur




Notaðu myndavélina á símanum þínum til að skanna QR kóðann og sjá gildandi verðskrá.

Hafðu samband við sölumenn Líflands

Blönduós - Norðurland vestra



Sævar Björgvinsson
Verslunarstjóri
Blönduósi
540 1155
saevar@lifland.is



Ásmundur Óskar Einarsson
Sölumaður
540 1155
blonduos@lifland.is

Akureyri - Norðurland



Ellert Jón Gunnsteinsson
Verslunarstjóri
Akureyri
540 1150
akur@lifland.is



Baldur Garðarsson
Sölumaður
Akureyri
892-4773
akur@lifland.is

Borgarnes - Vesturland



Helgi Björn Ólafsson
Verslunarstjóri
Borgarnesi
540 1154
helgibo@lifland.is



Hanna Laufey
Jónasdóttir
Sölumaður
Borgarnesi
540 1154
borgarnes@lifland.is

Hvolsvöllur - Suðurland



Örvar Arason
Verslunarstjóri
487 8888
hvolsvollur@lifland.is



Auðunn Kristjánsson
Sölumaður
487 8888
hvolsvollur@lifland.is


Reykjavík - Söludeild



Karl Trausti Einarsson
Sölumaður
540 1120
karlt@lifland.is



Kjartan Sveinsson
Sölumaður
540 1134
kjartan@lifland.is



Ásdís Rún Ólafsdóttir
Sölumaður
540 1136
asdisrun@lifland.is



Jóhannes Baldvin Jónsson
Vörustjóri
540 1139
johannes@lifland.is

